

Ráðhús Hafnarfjarðar

Standgata 6
220 Hafnarfjörður

**Ósk um áframhaldandi viðræður vegna skila á vegum sem féllu úr tölu þjóðvega við setningu laga nr. 80/2007.**

Erindi þetta varðar niðurstöðu starfshóps um skilavegi er varðar yfirfærslu veghalds á Elliðavatnsvegi, veg nr. 410-02 frá Vegagerðinni til Hafnarfjarðar. Í ódagsettu bréfi frá Vegagerðinni, sent á tölvupóstfangið hafnarfjordur@hafnarfjordur.is þann 9. september 2021 var getið til um skil á Fjarðabraut, veg nr. 470-01. Með bréf þessu tilkynnist formlega að Elliðavatnsvegur nr. 410-02, fellur einnig undir niðurstöðu starfshóps um skilavegi og óskar Vegagerðin eftir áframhaldandi viðræðum vegna skila á veginum.

Síða 1/1

Vegagerðin hefur annast veghald Elliðavatnsvegs skv. sérstakri undanþáguheimild sem renna átti út í árslok 2019. Heimild stofnunarinnar til að annast veghaldið var framlengd til ársloka 2020, sbr. lög nr. 146/2019 og svo aftur til lok árs 2021 með lögum nr. 139/2020. Heimildin var veitt í því skyni að tryggja að yfirfærsla gangi vel fyrir sig. Með bréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins dags. 30. desember 2019 var Vegagerðinni falin umsjón og skipun starfshóps um hvernig standa eigi að yfirfærslu skilaveganna.

Starfshópur um skilavegi var skipaður fulltrúum Vegagerðarinnar og Sambandi Íslenskra sveitarfélaga. Starfshópnum var falið það verkefni að ræða álitæfni varðandi túlkun á 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 hvað varðar skilavegi (þ.e. vegir og tilheyrandi mannvirki), útbúa sameiginlegan lista yfir skilavegi sundurliðað á sveitarfélög, skilgreina hvað telst viðunandi ástand og meta kostnað við að uppfylla viðhaldspörf og leggja til aðferðafræði við skil frá Vegagerðinni til sveitafélags.

Það er niðurstaða starfshópsins að Elliðavatnsvegur nr. 410-02 teljist til skilavegs og skal vegurinn því færast í veghald Hafnarfjarðar eigi síðar en 1. janúar 2022 að uppfylltum nánari skilyrðum er varðar viðhaldsástand.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Stefán Erlendsson

Undirskrift

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is